

Hafnarfjarðarbær

Ársreikningur
2016

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Kt. 590169-7579

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11
Óendurskoðað fylgiskjal: Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar	31

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Ársreikningur Hafnarfjarðarbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 23.092 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 21.395 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,34% en lögbundið hámark þess er 0,50%, í B-flokki nam álagningarhlutfall 1,32% sem er lögbundið hlutfall og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,65% en lögbundið hámark þess er 1,32%, en auk þess hafa sveitarstjórnir heimild til að hækka álagningarhlutfall í A og C-flokki um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins fyrir óreglulega liði samkvæmt ársreikningi A og B hluta, var jákvæð um 754 millj. kr., en rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 242 millj. kr. Í rekstrarreikning er færð fjárhæð 215 millj. kr. undir óreglulega liði en hún er vegna greiðslu á lifeyrisskuldbindingu vegna starfsmanna Byrs sem áður var talið að myndi innheimtast hjá protabúi Byrs. Rekstrarniðurstaða A og B hluta verður því jákvæð um 538 millj. kr. og rekstrarniðurstaða A hluta jákvæð um 27 millj. kr. Heildareignir sveitarfélagsins í árslok 2016 námu 48.302 millj. kr. og skuldir og skuldbindingar 39.157 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2016 nam 9.145 millj. kr. Veltufé frá rekstri A hluta nam 2.706 millj. kr. og frá A og B hluta nam það 3.634 millj. kr. Í árslok 2016 störfuðu 1.927 starfsmenn hjá sveitarfélaginu í 1.408 stöðugildum.

Engin ný lán voru tekin á árinu 2016. Greiddar voru afborganir alls 2,1 milljarður króna sem er 870 millj. kr. umfram afborganir samkvæmt lánasamningum. Nánar er fjallað um fjárhagsstöðu sveitarfélagsins í skýringu 20.

Í samræmi við nýlegar breytingar á lögum um ársreikninga birtir sveitarfélagið í fyrsta sinn yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar. Framangreindar upplýsingar eru settar fram í fylgiskjali við ársreikninginn, *Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagsleg upplýsingagjöf*.

Ársreikningur Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2016 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Hafnarfirði, 11. apríl 2017

Bæjarstjóri:

Har. S. Haraldsson

Bæjarráð:

Rosvinda Árnadóttir

Andri Snær Þórhj.

Christina Indeson

Margrét Anna Magnúsdóttir

Eyvin Þh Jónsd.

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Ársreikningur Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2016 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Hafnarfirði, 10. maí 2017

Bæjarstjórn:

Antony Kristján

Þórunn Thórunn

Eygrún Dóttir

Dr. Bl. Árný

Ólafur Guðjónsson

Ásgeir Jónsson

Elva Þórunn Ásvaldsson

Adde Mace Johannsdóttir

Margret Crana Magnúsdóttir

Rannveig

Helga Fuglós dóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og að skýrsla bæjarstjóra og bæjarstjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð sveitarfélaginu samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði sem að okkar faglega mati höfðu mesta þýðingu í endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins árið 2016. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á áliti okkar á ársreikninginn í heild sinni. Við látum ekki í ljós sérstakt álit á hverju lykilatriði fyrir sig.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Mat á lífeyrisskuldbindingu

Lífeyrisskuldbinding A og B hluta Hafnarfjarðarbæjar er 11.177 milljónir króna í árslok 2016 eða 23% af efnahag sveitarfélagsins.

Mat stjórnenda á fjárhæð lífeyrisskuldbindingar er lykilþáttur í endurskoðun okkar þar sem um er að ræða verulegan lið í reikningskilum A og B hluta sveitarfélagsins.

Lífeyrisskuldbindingin eru færð miðað við núvirði áætlaðra greiðslna til framtíðar. Stjórnendur byggja mat sitt á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar sem framkvæmd var miðað við lok árs 2016. Breyting skuldbindingarinnar á árinu er færð í rekstrarreikning.

Sjá nánar skýringu 3.I um reikningsskilaaðferðir og skýringu 14.a um lífeyrisskuldbindingar.

Endurskoðunaraðgerðir

Stjórnendur Hafnarfjarðarbæjar fengu aðstoð utanaðkomandi tryggingastærðfræðings til að reikna áfallna lífeyrisskuldbindingu í árslok.

Endurskoðun okkar á mati lífeyrisskuldbindingar fólst meðal annars í eftirfarandi þáttum:

Við funduðum með tryggingastærðfræðingi og lögðum mat á hæfni og óhæði hans.

Við mynduðum okkur væntingar um stöðu lífeyrisskuldbindingarinnar miðað við þekktar stærðir s.s. launaþróun og eignastöðu lífeyrissjóða.

Við fórum yfir útreikninga stjórnenda og tryggingastærðfræðings og bárum saman við væntingar okkar.

Við skoðuðum undirliggjandi gögn með úrtökum.

Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar.

Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber bæjarstjórn og bæjarstjóra að meta hæfi sveitarfélagsins til áframhaldandi starfsemi og semja ársreikning sveitarfélagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema mat þeirra sé að áframhaldandi starfsemi sé ekki möguleg. Bæjarstjórn og bæjarstjóra ber að að setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álitum okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álitum okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirliti sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissu ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álitum okkar.

Við upplýsum bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við bæjarstjórn að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðissskilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Við höfum lagt mat á hvaða atriði, af þeim atriðum sem við höfum upplýst bæjarstjórn um, höfðu mesta þýðingu á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum lykilatriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé opinberlega um tiltekin atriði eða í algjörum undantekningartilfellum þegar mat okkar er að neikvæðar afleiðingar af birtingu slíkra upplýsinga vegi þyngra en ávinningur almennings af birtingu upplýsinganna.

Reykjavík, 10. maí 2017

PricewaterhouseCoopers ehf.

Ljósbrá Baldursdóttir

löggitur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 1. janúar - 31. desember 2016

Skýr	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 31.12.2016	Áætlun með viðaukum 31.12.2016	Ársreikningur 31.12.2015	Ársreikningur 31.12.2016	Áætlun með viðaukum 31.12.2016	Ársreikningur 31.12.2015
Rekstrartekjur						
Skatttekjur	17.027.466	16.382.080	14.651.140	17.037.067	16.379.772	14.659.457
Framlög Jöfnunarsjóðs	1.952.326	1.826.191	1.798.861	1.952.326	1.826.191	1.798.861
Aðrar tekjur	2.415.589	2.305.751	2.403.825	4.102.510	3.993.291	4.214.343
4	21.395.381	20.514.022	18.853.826	23.091.903	22.199.254	20.672.661
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	10.636.843	10.391.488	10.069.316	10.893.310	10.651.899	10.329.698
Breyt. lífeyrisskuldbindingar	1.651.845	900.000	1.006.592	1.692.770	917.000	1.042.163
Annar rekstrarkostnaður	7.138.916	6.958.393	7.088.079	7.456.678	7.277.749	7.440.950
	19.427.604	18.249.881	18.163.987	20.042.758	18.846.648	18.812.811
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	1.967.777	2.264.142	689.838	3.049.145	3.352.605	1.859.850
Afskriftir	640.649	612.900	632.187	892.018	856.600	876.672
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	1.327.128	1.651.242	57.651	2.157.128	2.496.005	983.178
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(1.085.125)	(1.636.181)	(1.119.474)	(1.403.296)	(2.134.861)	(1.495.491)
Rekstrarniðurstaða án óreglulegra liða	242.003	15.060	(1.061.822)	753.832	361.144	(512.313)
Óreglulegir liðir	(215.334)	0	0	(215.334)	0	0
Rekstrarniðurstaða	26.669	15.060	(1.061.822)	538.498	361.144	(512.313)

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

		Eignir			
		A hluti		A og B hluti	
Skýr.		2016	2015	2016	2015
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
	Fasteignir, lóðir og lendum	30.251.689	29.661.040	35.574.275	34.934.790
	Veitur, götur og hafnarmannvirki	2.771.783	3.825.229	8.089.593	9.246.853
	Vélar, áhöld og tæki	172.677	171.754	220.806	219.023
	Leigðar eignir	466.834	515.955	466.834	515.955
9		<u>33.662.982</u>	<u>34.173.978</u>	<u>44.351.509</u>	<u>44.916.620</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
	Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	1.613.901	1.649.088	949.752	984.939
10		1.613.901	1.649.088	949.752	984.939
	Langtímakröfur	54.951	73.697	54.962	73.841
11		54.951	73.697	54.962	73.841
		<u>1.668.851</u>	<u>1.722.785</u>	<u>1.004.713</u>	<u>1.058.780</u>
	Fastafjármunir	<u>35.331.834</u>	<u>35.896.763</u>	<u>45.356.222</u>	<u>45.975.401</u>
Skammtímakröfur:					
	Óinnheimtar skatttekjur	1.463.325	1.449.086	1.463.325	1.449.086
12		1.463.325	1.449.086	1.463.325	1.449.086
	Næsta árs afborganir langtímakrafna	8.884	244.158	8.916	244.270
11		8.884	244.158	8.916	244.270
	Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	21.959	0	0	0
	Aðrar skammtímakröfur	953.853	484.513	1.049.232	600.000
12		953.853	484.513	1.049.232	600.000
	Handbært fé.....	390.943	181.116	424.401	211.268
3j		390.943	181.116	424.401	211.268
	Veltufjármunir	<u>2.838.964</u>	<u>2.358.873</u>	<u>2.945.873</u>	<u>2.504.624</u>
	Eignir samtals	<u>38.170.798</u>	<u>38.255.637</u>	<u>48.302.096</u>	<u>48.480.024</u>
Eignir utan efnahagsreiknings 3k					

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Eigið fé og skuldir

Skýr.	A hluti		A og B hluti		
	2016	2015	2016	2015	
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur	13	4.181.883	3.845.037	9.144.857	8.296.183
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding		10.818.775	9.555.696	11.037.994	9.750.928
Skattskuldbinding.....		18.838	18.664	18.838	18.664
Aðrar skuldbindingar.....		69.880	76.868	69.880	76.868
	14	10.907.493	9.651.227	11.126.711	9.846.459
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	15	17.552.429	19.029.690	22.956.739	24.784.784
Leiguskuldir.....	16	1.375.592	1.462.403	1.375.592	1.462.403
		18.928.020	20.492.093	24.332.331	26.247.187
Skammtímaskuldir					
Skuldir við eigin fyrirtæki		900.467	634.410	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	15	931.708	935.377	1.262.890	1.264.617
Næsta árs afborganir leiguskulda.....	16	117.462	108.680	117.462	108.680
Næsta árs afborganir skuldbindinga.....	14	364.827	237.371	379.675	249.473
Aðrar skammtímaskuldir		1.838.937	2.351.441	1.938.169	2.467.426
		4.153.402	4.267.279	3.698.196	4.090.195
Skuldir og skuldbindingar samtals		33.988.915	34.410.599	39.157.238	40.183.842
Eigið fé og skuldir samtals		38.170.798	38.255.637	48.302.096	48.480.025

Skuldbindingar utan efnahagsreiknings..... 18

Sjóðstreymisýfirlit 2016

Skýr.	A hluti			A og B hluti			
	Ársreikningur 2016	Aætlun með viðaukum 2016	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2016	Aætlun með viðaukum 2016	Ársreikningur 2015	
Rekstrarhreyfingar							
Rekstrarniðurstaða.....	13	26.669	15.060	(1.061.822)	538.498	361.144	(512.313)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Óreglulegir liðir	14	215.334	0	0	215.334	0	0
Afskriftir	9	640.649	639.300	632.187	892.018	890.800	876.672
Verðbætur og gengismunur		241.967	840.760	(158.427)	366.040	1.115.578	(187.505)
Söluhagnaður		(63.454)	0	(252.422)	(63.454)	0	(253.817)
Skattskuldbinding, breyting		174	0	(4.742)	174	0	(4.742)
Önnur skuldbinding, breyting		(6.988)	(6.880)	(6.988)	(6.988)	(6.880)	(6.988)
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu	14	1.651.845	900.000	1.006.592	1.692.770	917.000	1.042.163
Veltufé frá rekstri		2.706.196	2.388.240	154.378	3.634.391	3.277.642	953.471
Breytingar á rekstrar- tengdum eignum og skuldum:							
Óinnh. skatttekjur, breyting		(14.240)	(167.819)	(119.211)	(14.240)	(167.819)	(119.211)
Aðrar skammtímakr., breyting		(381.234)	(4.240)	(65.717)	(358.683)	(20.985)	(54.775)
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar	14	(476.644)	(210.000)	(208.697)	(490.835)	(220.000)	(220.634)
Skammtímaskuldir, breyting		(600.610)	85.199	712.929	(619.805)	100.358	749.533
Samtals		(1.472.727)	(296.860)	319.304	(1.483.564)	(308.446)	354.913
Handbært fé frá rekstri		1.233.469	2.091.380	473.682	2.150.828	2.969.196	1.308.384
Fjárfestingarhreyfingar							
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	9	(1.161.379)	(1.700.000)	(588.011)	(1.358.632)	(1.895.000)	(716.956)
Innlausn (fjárfesting) eignarhluta.....		98.642	0	56.731	98.642	0	56.732
Sala eigna/gatnagerðargjöld	9	1.341.902	600.000	253.376	1.341.902	600.000	255.176
Langtímakröfur, breyting.....		226.363	259.607	62.942	226.577	259.822	63.017
Fjárfestingarhreyfingar		505.528	(840.393)	(214.961)	308.489	(1.035.178)	(342.031)
Fjármögnunarhreyfingar							
Tekin ný langtímalán	15	0	500.000	5.107.300	0	500.000	6.107.300
Afborganir langtímalána	15	(1.663.447)	(1.548.201)	(4.790.191)	(2.136.363)	(1.993.813)	(6.966.749)
Afborganir leiguskulda.....	16	(109.821)	(109.414)	(102.012)	(109.821)	(109.414)	(102.012)
Skammtímalán, breyting.....		0	(288.617)	0	0	(288.617)	0
Viðskiptast. eigin fyrirt., breyting.....		244.098	251.746	(469.075)	0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar		(1.529.170)	(1.194.486)	(253.978)	(2.246.184)	(1.891.844)	(961.461)
Hækkun á handb fé.....		209.826	56.500	4.743	213.133	42.174	4.892
Handbært fé í ársbyrjun.....		181.116	0	176.374	211.268	51.506	206.376
Handbært fé í árslok.....		390.943	56.500	181.116	424.401	93.680	211.268

Skýringar

1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Hafnarfjarðarbær er sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu og voru íbúar 28.678 þann 1. desember 2016. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Strandgötu 6 í Hafnarfirði.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2016 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð auk Eignasjóðs. Þann 1. janúar 2016 sameinaðist GN eignir inn í Eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Vatnsveita Hafnarfjarðar, Fráveita Hafnarfjarðar, Hafnarfjarðarhöfn og Húsnæðisskrifstofa Hafnarfjarðar.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyrir útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur vegna gatnagerðar eru færðar til lækkunar á framkvæmdakostnaði vegna nýbyggingar gatnamannvirkja sbr. skýr. 3d. Reynist kostnaður við framkvæmdir lægri en tekjur vegna viðkomandi verkefnis er færsla tekna í rekstrarreikning gerð við verklok.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af og íbúðarhúsnæði, eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádragnum afskriftum. Fjárfesting vegna gatnagerðarframkvæmda er eignfærð að frádragnum álögðum gatnagerðargjöldum.

Leigðar eignir eru fasteignir sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og eru ekki uppsegjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs frá upphafsdegi leigusamnings.

Kostnaðarverð leigðrar eignar telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutækna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

Íbúðarhúsnæði er skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningi sem er gangvirði þess á endurmatsdegi að frádragnum viðbótar afskriftum frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti og eru allar verðmatshækkunarir vegna þessa færðar á eiginfjárreikning. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning.

e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna annarra en leigðra eigna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir.....	10 - 90 ár
Veitur, götur og hafnarmannvirki.....	25 - 40 ár
Aðrar eignir.....	3 - 10 ár

f. Afskriftir leigðra eigna

Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við leigutíma eða nýtingartíma sé hann styttri. Sé ljóst að sveitarfélagið eignist hina leigðu eign í lok leigutíma er miðað við nýtingartíma viðkomandi eignar. Afskriftartími leigðra eigna greinist þannig:

Fasteignir.....	20 - 26 ár
-----------------	------------

g. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

h. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.

i. Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar skatttekjur, aðrar kröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

j. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

k. Eignir utan efnahagsreiknings

Fjárfesting A hluta í landi sem ekki er leigt út og umferðarmannvirkjum fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

l. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2016. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 14a.

m. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

n. Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra. Lágmarksleigugreiðslum er skipt í vaxtagjöld og afborganir á eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldunum er dreift á leigutímann miðað við virka vexti.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala ef það er gerlegt að ákvarða hana, en ef ekki er miðað við lánskjör sveitarfélagsins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningur er gerður.

o. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings og önnur mál

Upplýsingar um skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings og önnur mál eru birtar í skýringum 18 - 20.

p. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2016 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykkttri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringum 22 og 23.

Skýringar, frh.:

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2016	Áætlun með viðaukum 2016	Ársreikningur 2016	Áætlun með viðaukum 2016
Útsvar og fasteignaskattur:				
Útsvar	14.022.215	13.369.001	14.022.215	13.369.001
Fasteignaskattur	2.479.239	2.482.756	2.419.080	2.419.448
Lóðarleiga	526.011	530.323	595.773	591.323
	<u>17.027.466</u>	<u>16.382.080</u>	<u>17.037.067</u>	<u>16.379.772</u>
Framlög Jöfnunarsjóðs:				
Framlag vegna grunnskóla	635.492	531.300	635.492	531.300
Framlag vegna sérþarfa fatlaðra nemanda.....	88.100	93.765	88.100	93.765
Framlag vegna málefna fatlaðs fólks	1.135.029	1.130.546	1.135.029	1.130.546
Framlög vegna nýbúafraeðslu	31.590	34.671	31.590	34.671
Framlög vegna tónlistarnáms	62.115	35.909	62.115	35.909
	<u>1.952.326</u>	<u>1.826.191</u>	<u>1.952.326</u>	<u>1.826.191</u>
Skatttekjur samtals.....	<u>18.979.792</u>	<u>18.208.271</u>	<u>18.989.393</u>	<u>18.205.963</u>
Aðrar tekjur:				
Þjónustutekjur	1.754.546	1.678.724	2.070.024	1.988.123
Endurgreiðslur.....	352.049	358.732	352.049	358.732
Eignatekjur	45.625	59.262	325.798	354.752
Vatnsgjald.....	0	0	346.823	342.704
Fráveitugjald	0	0	721.098	714.947
Aðrar tekjur.....	263.369	209.033	286.717	234.033
	<u>2.415.589</u>	<u>2.305.751</u>	<u>4.102.510</u>	<u>3.993.291</u>
Rekstrartekjur samtals	<u>21.395.381</u>	<u>20.514.022</u>	<u>23.091.903</u>	<u>22.199.254</u>

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	8.601.189	8.444.114	8.807.853	8.643.739
Launatengd gjöld	2.035.654	1.947.374	2.085.458	2.008.160
	<u>10.636.843</u>	<u>10.391.488</u>	<u>10.893.310</u>	<u>10.651.899</u>
Lífeyrisskuldbinding, breyting	1.867.179	900.000	1.908.103	917.000
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>12.504.022</u>	<u>11.291.488</u>	<u>12.801.414</u>	<u>11.568.899</u>

Í árslok 2016 störfuðu 1.927 starfsmenn hjá sveitarfélaginu í 1.408 stöðugildum.

Til samanburðar störfuðu hjá sveitarfélaginu 1.914 starfsmenn í 1.412 stöðugildum í árslok 2015.

Laun bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu 69,9 millj. kr. á árinu 2016.

Til samanburðar námu laun bæjarstjórnar og bæjarstjóra 59,8 millj.kr. á árinu 2015.

6. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2016	Áætlun með viðaukum 2016	Ársreikningur 2016	Áætlun með viðaukum 2016
Vöru- og þjónustukaup.....	4.587.962	4.407.446	4.905.372	4.726.801
Styrkir, framlög og annar kostnaður.....	2.550.954	2.550.947	2.551.306	2.550.947
Annar rekstrarkostnaður samtals.....	<u>7.138.916</u>	<u>6.958.393</u>	<u>7.456.678</u>	<u>7.277.749</u>

Skýringar, frh.:

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2016	Áætlun með viðaukum 2016	Ársreikningur 2016	Áætlun með viðaukum 2016
Vaxtatekjur, arður og verðbætur	125.974	142.286	130.089	143.387
Fjármagnstekjuskattur.....	(51.553)	(14.000)	(51.945)	(14.000)
Vaxtagjöld	(918.068)	(943.921)	(1.115.864)	(1.168.883)
Verðbætur	(410.580)	(820.546)	(534.678)	(1.095.364)
Gengismunur	169.102	0	169.102	0
Samtals.....	(1.085.125)	(1.636.181)	(1.403.296)	(2.134.861)

8. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Ársreikningur 2016			Áætlun með viðaukum 2016
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Nettó
Aðalsjóður:				
Skatttekjur	424	19.377.645	19.377.221	18.616.765
Félagsþjónusta.....	3.483.802	582.611	(2.901.191)	(2.905.832)
Heilbrigðismál.....	0	0	0	0
Fræðslu- og uppeldismál.....	11.056.379	927.343	(10.129.036)	(10.003.137)
Menningarmál.....	392.012	27.826	(364.186)	(369.042)
Æskulyðs- og íþróttamál.....	2.504.475	682.588	(1.817.887)	(1.785.386)
Brunamál og almannavarnir.....	197.057	0	(197.057)	(201.454)
Hreinlætismál.....	378.650	328.870	(49.780)	(8.400)
Skipulags- og byggingarmál.....	137.272	64.947	(72.325)	(50.750)
Umferðar- og samgöngumál.....	784.808	0	(784.808)	(780.669)
Umhverfismál.....	131.328	0	(131.328)	(130.128)
Atvinnumál.....	30.837	3.738	(27.099)	(24.204)
Sameiginlegur kostnaður.....	1.284.415	93.388	(975.693)	(864.525)
Lífeyrisskuldbinding.....	1.651.845	0	(1.651.845)	(917.000)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	(168.141)	63.454	231.595	182.740
Óreglulegir liðir.....	215.334	0	(215.334)	0
Aðalsjóður samtals	22.076.497	22.152.410	291.246	758.978
A hluta stofnanir:				
Eignasjóður.....	3.575.854	3.311.277	(264.577)	(743.920)
Innri færslur A hluta.....	(4.068.307)	(4.068.307)	(0)	0
A hluta stofnanir samtals	(492.452)	(757.029)	(264.577)	(743.920)
A hluti samtals	21.584.045	21.395.381	26.669	15.059
B hluta fyrirtæki:				
Vatnsveita	217.597	380.424	162.827	103.680
Fráveita	467.511	721.098	253.586	186.938
Hafnarsjóður.....	455.217	576.165	120.948	102.314
Húsnæðisskrifstofa.....	325.252	299.719	(25.533)	(46.847)
Innri færslur A og B hluta.....	(280.883)	(280.883)	0	0
B hluti samtals	1.184.694	1.696.522	511.829	346.084
A og B hluti samtals	22.768.738	23.091.903	538.498	361.144

Skýringar, frh.:

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

a. Bókfært verð

A hluti

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir, lóðir og lendum	Götur og byggingareitir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2016.....	38.726.624	4.909.295	843.814	44.479.733
Afskrifað áður	(9.065.584)	(1.084.066)	(672.060)	(10.821.710)
Bókfært verð 1.1.2016.....	29.661.040	3.825.229	171.754	33.658.023
Endurmat lóða og lendna.....	310.176	0	0	310.176
Viðbót á árinu	735.868	392.525	32.987	1.161.379
Fært út á árinu.....	(583)	0	(2.109)	(2.692)
Gatnagerðargjöld.....	0	(1.339.211)	0	(1.339.211)
Afskrifað á árinu	(454.812)	(106.761)	(29.955)	(591.528)
Bókfært verð 31.12.2016.....	30.251.689	2.771.783	172.676	33.196.148
Samtals heildarverð 31.12.2016.....	39.772.085	3.962.610	874.692	44.609.386
Afskrifað samtals	(9.520.396)	(1.190.827)	(702.015)	(11.413.239)
Bókfært verð 31.12.2016.....	30.251.689	2.771.783	172.676	33.196.148
Afskriftarhlutföll	0-10%	4,0%	10-33%	

Leigðar eignir greinast þannig:

	Samtals
Heildarverð 1.1.2016.....	1.228.019
Afskrifað áður	(712.064)
Bókfært verð 1.1.2016.....	515.955
Afskrifað á árinu	(49.121)
Bókfært verð 31.12.2016.....	466.834
Heildarverð 31.12.2016.....	1.228.019
Afskrifað 31.12.2016.....	(761.185)
Bókfært verð 31.12.2016.....	466.834
Afskriftarhlutföll	3,8-5,0%

Samantekið:

Varanlegir rekstrarfjármunir samtals í ársbyrjun.....	34.173.978
Endurmat á árinu	310.176
Viðbót á árinu	1.161.379
Fært út á árinu.....	(2.692)
Gatnagerðargjöld.....	(1.339.211)
Afskrifað á árinu.....	(640.649)
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals í árslok.....	33.662.982

Skýringar, frh.:

9. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

a. Bókfært verð, frh.

A og B hluti

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir, lóðir og lendum	Veitur, götur og hafnarmannvirki	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2016.....	44.882.103	15.933.928	1.018.872	61.834.903
Afskrifað áður	(9.947.313)	(6.687.076)	(799.849)	(17.434.237)
Bókfært verð 1.1.2016.....	34.934.790	9.246.853	219.023	44.400.665
Endurmat á árinu	310.176	0	0	310.176
Viðbót á árinu	829.277	487.958	41.398	1.358.632
Fært út á árinu.....	(583)	0	(2.109)	(2.692)
Gatnagerðargjöld.....	0	(1.339.211)	0	(1.339.211)
Afskrift á árinu	(499.385)	(306.006)	(37.505)	(842.897)
Bókfært verð 31.12.2016.....	35.574.275	8.089.593	220.807	43.884.675
Samtals heildarverð 31.12.2016.....	46.020.973	15.082.675	1.058.161	62.161.809
Afskrifað samtals	(10.446.698)	(6.993.082)	(837.354)	(18.277.134)
Bókfært verð 31.12.2016.....	35.574.275	8.089.593	220.807	43.884.675
Afskriftarhlutföll	0-10%	2,5-4,0%	10-33%	

Leigðar eignir greinast þannig:

	Samtals
Heildarverð 1.1.2016.....	1.228.019
Afskrifað áður	(712.064)
Bókfært verð 1.1.2016.....	515.955
Afskrifað á árinu	(49.121)
Bókfært verð 31.12.2016.....	466.834
Heildarverð 31.12.2016.....	1.228.019
Afskrifað 31.12.2016.....	(761.185)
Bókfært verð 31.12.2016.....	466.834
Afskriftarhlutföll	3,8-5,0%

Samantekið:

Varanlegir rekstrarfjármunir samtals í ársbyrjun.....	44.916.620
Endurmat á árinu	310.176
Viðbót á árinu	1.358.632
Fært út á árinu.....	(2.692)
Gatnagerðargjöld.....	(1.339.211)
Afskrifað á árinu.....	(892.018)
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals í árslok.....	44.351.509

Skýringar, frh.:

9. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

b. Fjárfesting

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu 2016 greinast þannig:

	Fjárfesting 2016	Áætlun með viðaukum 2016
